

**Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir**, violin, was born in Akureyri 1973 and began her violin studies there at an early age. She furthered her studies at various schools and institutions on the European continent, e.g. in Krakow (Poland), Barcelona (Spain), Hannover and Mainz (Germany). In 2001 she returned to Iceland to participate in Icelandic music live, freelancing with The Iceland Symphony Orchestra and The North Iceland Symphony Orchestra.

Currently Baldvinsdóttir teaches the violin at The Mosfellsbær Music School and appears with various chamber music groups.

After receiving her diploma in music performance and teaching from Reykjavík Music School in 1993, **Vigdís Másdóttir**, viola, moved to Berlin to study with Hartmut Rhode. A year later she was enrolled at the Music Conservatory in Aachen and in 1999 received a diploma from Johannes Gutenberg Universität in orchestra playing.

Másdóttir freelanced and taught music in Germany until she returned to Iceland in 2003. She currently teaches music at The Akranes Music School and freelances with The Iceland Symphony Orchestra and various chamber music groups.

**Helga Björg Ágústsdóttir**, cello, graduated from The Garðabær Music School in 1992 and went on to study with Dmitri Ferschtman at The Sweelinck Conservatorium in Amsterdam. She also attended cello classes with Melissa Phelps in London. She has participated in numerous master-classes and festivals in Europe and appeared with various orchestras and chamber music groups both in the Netherlands and Iceland.

From 2000 she has worked as a cello teacher in Reykjavík and Garðabær and appeared with The Iceland Symphony Orchestra, The North Iceland Symphony Orchestra and various chamber music groups.

Trio Trix was established 2003 after the return of the musicians from studying abroad.

The Serenade by the Hungarian composer Ernő Dohnányi was composed in 1902 and premiered in Vienna two years later, the same year as the German composer Max Reger composed his string trio op.77b. Both compositions are heavily influenced by Brahms, and in the Serenade the influence of Hungarian folk melodies is apparent.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum  
The cafeteria is open after the concert*

Netútgáfa

# Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## *Trío Trix*

Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir  
fíðla  
Vigdís Másdóttir  
víóla  
Helga Björg Ágústsdóttir  
selló



Þriðjudaginn 5. júlí 2005 kl. 20:30

**Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir** er fædd á Akureyri 1973 og hóf ung nám í fiðluleik við Tónlistarskólann þar. Á árunum 1993 – 2001 stundaði hún framhaldsnám við skóla víða um Evrópu, þar á meðal í Krakow í Póllandi, Barcelona á Spáni og Hannover og Mainz í Þýskalandi. Að þeim tíma liðnum fluttist hún aftur heim til Íslands og leikur reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hefur einnig kennt við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Hún starfar nú sem fiðlukennari við Tónlistarskóla Mosfellsbæjar ásamt því að leika með ýmsum kammermúsikhópum.

**Vigdís Másdóttir** víóluleikari lauk fiðlukennara- og burtfararprófi á víólu árið 1993 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún hélt þá til Berlínar og stundaði nám í víóluleik hjá Hartmut Rhode þar til hún innritaðist í Tónlistarháskólann í Aachen í byrjun árs 1994. Stuttu síðar hóf hún nám við Johannes Gutenberg Universitát á hljómsveitarbraut og lauk þaðan prófi árið 1999. Vigdís starfaði í Þýskalandi við tónlistarkennslu og hljóðfæraleik til haustsins 2003 er hún flutti heim til Íslands. Hún starfar nú sem fiðlukennari við Tónlistarskólann á Akranesi og leikur reglulega með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ýmsum kammermúsikhópum.

**Helga Björg Ágústsdóttir** sellóleikari lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Garðabæ árið 1992 og stundaði framhaldsnám við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam hjá Dmitri Ferschtman. Einnig sótti hún tíma í sellóleik hjá Melissa Phelps í London. Helga hefur sótt fjölda námskeiða og tónlistarhátíða víða í Evrópu og leikið með ýmsum hljómsveitum og kammerhópum bæði í Hollandi og á Íslandi. Frá árinu 2000 hefur hún starfað sem kennari og hljóðfæraleikari á Íslandi. Hún kennir nú við Nýja Tónlistarskólann, Tónlistarskólann Doremi og Tónlistarskólann í Garðabæ. Þá hefur hún leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og ýmsum kammermúsikhópum.

Trío Trix var stofnað haustið 2003, eftir að hljóðfæraleikararnir fluttu allir aftur til Íslands að loknu námi erlendis og hefur starfað óslitið síðan.

Serenaðan fyrir strengjatrío eftir ungerska tónskáldið Ernő Dohnányi var samin árið 1902 og frumflutt í Vín tveimur árum síðar, sama ár og þýska tónskáldið Max Reger samdi strengjatríóið op. 77b. Í báðum verkunum má greina mikil áhrif frá Brahms og inn í serenöðuna fléttar Dohnányi ungerska alþýðutónlist.

### *Efnisskrá*

Ernő Dohnányi  
1877 – 1960

Serenade op.10 (1902)  
Marcia (Allegro)  
Romanza (Adagio non troppo, quasi andante)  
Scherzo (Vivace)  
Tema con variazioni (Andante con moto)  
Rondo (Allegro vivace)

Max Reger  
1873 – 1916

Strengjatrío í a-moll op. 77b (1904)  
Sostenuto  
Larghetto  
Scherzo vivace  
Allegro con moto